

Geðhjálp veitir frumkvæðis- verðlaun

Geðhjálp veitti í tilefni af 30 ára afmæli sínu frumkvæðisverðlaun félagsins í fyrsta sinn. Verðlaunin eru veitt fyrir nýjungar í þjónustu við geðsjúka og úrræði sem eru til þess fallin að efla geðheilsu.

Norðlingaskóli í Reykjavík hlaut verðlaun fyrir framúrskarandi forvarnarstarf með einstaklingsmiðuðu námi sem miðar að því að styðja nemendur í að finna og nýta styrkleika sína og hæfileika sem best.

Björgin – geðræktarmiðstöð Suðurnesja hlaut frumkvæðisverðlaun Geðhjálpar fyrir að sinna með framsýnum hætti valdeflingu geðfatlaðra og fyrir að hjálpa fólki að finna leiðir til að auka lífsgæði sín.

Jóna Rut Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri hjá Reykjavíkurborg, hlaut frumkvæðisverðlaun Geðhjálpar vegna ötuls starfs að Staumhvarfaverkefninu – nýjum búsetuúrræðum fyrir geðfatlaða – í Reykjavík.